



ÚRSKURÐARNEFND
VELFERÐARMÁLA

ÁRSSKÝRSLA
2023

Úrskurðarnefnd velferðarmála

Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími: 551-8200
postur@urvel.is
www.urvel.is

Umsjón og ritstjórn: Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir, formaður
Umbrot og prentun: Prentmet Oddi

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Skipan úrskurðarnefndar velferðarmála	6
Málafjöldi	7
a) Fjöldi mála 2023.	7
b) Fjöldi mála 2016–2023	8
Málaflokkar	9
a) Almannatryggingar	9
b) Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	11
c) Barnavernd	12
d) Félagsþjónusta og húsnæðismál	13
e) Fæðingar- og foreldraorlof	15
f) Greiðsluaðlögun.	16
Málsmeðferðartími	17
Ýmsar upplýsingar	18
a) Fjármál	18
b) Umboðsmaður Alþingis	19
c) Ýmsar tölfræðilegar upplýsingar.	20
1. Afgreiðsla heildarfjölda mála*	20
2. Niðurstaða úrskurða eftir stjórnvöldum	21

Ávarp formanns

Á árinu 2023 bárust úrskurðarnefnd velferðarmála samtals 611 kærur. Fjöldur kæra er því tiltölulega lítil frá fyrra ári. Þegar sveiflur innan málaflokka eru skoðaðar kemur í ljós töluverð fjölgun í fæðingar- og foreldraorlofsmálum þar sem 8 mál bárust árið 2022 en 26 mál á árinu 2023. Nær helmingur málanna sem barst á árinu kemur til vegna þess að Fæðingarorlofssjóður krafði kærendur um endurgreiðslu.

Meirihluti mála sem berast nefndinni er eins og fyrri ár, mál er varða almannatryggingar eða 369 mál. Fjöldi mála í öðrum málaflokkum er eftirfarandi: Atvinnuleysis og vinnumarkaðsaðgerðir, 129 mál, barnavernd, 29 mál, félagsþjónusta og húsnæðismál, 54 mál, fæðingar- og foreldraorlofsmál, 26 mál, greiðsluaðlögun, 4 mál.

Ný verkefni bættust við hjá úrskurðarnefndinni á árinu. Þann 1. janúar 2023 tóku gildi lög um sorgarleyfi. Markmið laganna er að tryggja foreldrum svigrúm til sorgarúrvinnslu í kjölfar barnsmíssis og eftir atvikum til að styðja við eftirlifandi systkin við að aðlagast breyttum aðstæðum. Auk þess er lögunum ætlað að auka líkur á að foreldrar geti átt farsæla endurkomu á vinnumarkað og geti tekið virkan þátt í samfélaginu að nýju í kjölfar barnsmíssis. Sorgarleyfi er leyfi frá launuðum störfum á innlendum vinnumarkaði í kjölfar barnsmíssis, það er barns yngra en 18 ára, sem og við fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu eða andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu. Sorgarstyrkur greiðist til foreldris sem hefur verið utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfshlutfalli og foreldris í fullu námi. Í lögunum er kveðið nánar á um þau skilyrði sem uppfylla þarf til að fá sorgarleyfi. Heimilt er að kæra til úrskurðarnefndarinnar ákvarðanir Vinnumálastofnunar sem teknar eru á grundvelli laganna.

Einnig voru samþykkt á árinu 2023 lög um tímabundinn stuðning til greiðslu launa starfsfólks á almennum vinnumarkaði vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ. Markmið laganna er að vernda afkomu fólks, sem ekki getur gegnt störfum sínum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ þar sem starfsstöð þess er staðsett í sveitarfélaginu, með því að tryggja launagreiðslur til viðkomandi uppaðákveðnu hámarki, svo ogað viðhalda ráðningarsambandi atvinnurekenda og starfsfólks. Stjórnvaldsákvarðanir Vinnumálastofnunar samkvæmt lögunum sæta kæru til úrskurðarnefndarinnar. Engar kærur bárust á árinu 2023 vegna framangreindra laga.

Málsmeðferðartími allra þeirra mála sem afgreidd voru árið 2023 var að meðaltali 2,6 mánuðir, sem verður að teljast mjög góð staða þegar litið er til þess að nefndinni bárust 611 mál. Málsmeðferðartíminn hefur því styst milli ára en hann var 3,2 mánuðir árið á undan. Helsta markmið úrskurðarnefndarinnar er að afgreiða mál eins fljótt og unnt er, án þess að það komi niður á gæðum. Þegar litið er til þess er ljóst að það hefur tekist árið 2023. Starfsfólk nefndarinnar og nefndarmenn eiga mikið hrós skilið fyrir vel unnin störf.



Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður

Skipan úrskurðarnefndar velferðarmála

Úrskurðarnefndin er annars vegar skipuð fjórum nefndarmönnum sem skipaðir eru í fullt starf til fimm ára og hins vegar átta nefndarmönnum og jafnmörgum til vara til fjögurra ára í senn, sbr. 2. gr. laga nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála.

Nefndina skipa:

Skipaðir í fullt starf:

Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir, formaður
Hólmfríður Birna Guðmundsdóttir, lögfræðingur
Kári Gunndórsson, lögfræðingur
Rakel Þorsteinsdóttir, lögfræðingur

Aðrir nefndarmenn:

Agnar Bragi Bragason, lögfræðingur
Arnar Kristinsson, lögfræðingur
Björn Jóhannesson, lögfræðingur
Eva Dís Pálmadóttir, lögfræðingur
Guðfinna Eydal, sálfræðingur
Kristinn Tómasson, læknir
Unnþór Jónsson, lögfræðingur
Þórhildur Líndal, lögfræðingur

Varamenn:


Ari Karlsson, lögfræðingur
Erla Guðrún Ingimundardóttir, lögfræðingur
Guðmundur Ómar Hafsteinsson, lögfræðingur
Guðríður Anna Kristjánsdóttir, lögfræðingur og tannlæknir
Helgi Viborg, sálfræðingur
Hrafnhildur Árnadóttir, lögfræðingur
Jón Baldursson, læknir
Margrét Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur

Málafjöldi

a) Fjöldi mála 2023

Á áttunda starfsári úrskurðarnefndar velferðarmála bárust nefndinni samtals 611 kærur sem skiptast á eftirfarandi hátt eftir málaflokkum:


Kærur - málaflokkar	Fjöldi mála
Almannatryggingar	369
Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	129
Barnavernd	29
Félagsþjónusta og húsnæðismál	54
Fæðingar- og foreldraorlof	26
Greiðsluaðlögun	4
Óflokkað	0
Samtals:	611



b) Fjöldi mála 2016–2023

Í neðangreindri töflu og súluriti eru upplýsingar um skiptingu kæra milli málaflokka frá 2016, þ.e. frá stofnun úrskurðarnefndarinnar fram til ársins 2023.

Kæurur - málaflokkar	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Almannatryggingar	327	319	334	385	375	363	381	369
Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	37	59	39	71	171	196	128	129
Barnavernd	32	23	17	37	25	54	32	29
Félagsþjónusta og húsnæðismál	56	45	39	50	80	63	47	54
Fæðingar- og foreldraorlof	18	17	12	9	18	22	8	26
Greiðsluaðlögun	36	20	9	7	8	4	2	4
Óflokkað	0	4	4	0	2	1	0	0
Samtals:	506	487	454	559	679	703	598	611





Málaflokkar


Úrskurðarnefnd velferðarmála skal úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana eftir því sem mælt er fyrir um í lögum sem kveða á um málskot til nefndarinnar, sbr. 1. gr. laga nr. 85/2015. Þeir málaflokkar sem úrskurðarnefndin hefur til meðferðar koma fram í eftirfarandi sex liðum, meðal annars upplýsingar um skiptingu mála eftir því hvert ágreiningsefnið er. Í þeim kökuritum þar sem verið er að fjalla um niðurstöðu úrskurða er einungis verið að fjalla um efnislega niðurstöðu þeirra en ekki mál sem hafa verið framsend eða vísað frá.

a) Almennatryggingar


Nefndin úrskurðar í ágreiningsmálum er varða kærur vegna ákvarðana Sjúkratrygginga Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt lögum nr. 100/2007 um almennatryggingar, lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu og lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almennatrygginga svo og lögum nr. 74/2020 um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða.




Lög nr. 100/2007 um
almannatryggingar*




Lög nr. 99/2007 um félagslega
aðstoð*




Lög nr. 111/2000 um
sjúklingatryggingu*




Lög nr. 112/2008 um
sjúkratryggingar



Lög nr. 45/2015 um
slysatryggingar
almannatrygginga



Lög nr. 74/2020 um
félagslegan viðbótarstuðning
við aldraða




* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til. Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnsýslulaga .


b) Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir

Samkvæmt lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar eru kæránlegartilúrskurðarnefndar velferðarmála ákvarðanir Vinnumálastofnunar um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna. Einnig eru kæránlegar ákvarðanir Vinnumálastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir. Auk þess eru kæránlegar ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga nr. 24/2020 um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að vera sýktir og stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga nr. 87/2023 um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.

Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir:




Lög nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar



c) Barnavernd


Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 er heimilt að kæra margvíslega úrskurði og aðrar stjórnvaldsákvæðanir barnaverndarþjónustu, umdæmisráða barnaverndar og Barna- og fjölskyldustofu til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Barnaverndarlög nr. 80/2002




d) Félagsþjónusta og húsnæðismál

Nefndin úrskurðar í ágreiningsmálum er varða ákvarðanir félagsmálanefnda á grundvelli laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ákvarðanir Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur og stjórnvaldsákvarðanir, sem teknar eru á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, eru kæranlegar til nefndarinnar sem og ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga nr. 44/1998 um húsnæðismál. Jafnframt er unnt að kæra til nefndarinnar ákvarðanir sveitarfélaga um þjónustu sem teknar eru á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.




Félagsþjónusta og húsnæðismál: Niðurstöður mála*




* Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfalli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnsýslulaga.


Lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu*




Lög nr. 75/2016 um húsnæðisbætur



Lög nr. 44/1998 um húsnæðismál




Lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir




* Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfalli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnarsýslulaga.

e) Fæðingar- og foreldraorlof

Samkvæmt lögum nr. 144/2020 um fæðingar- og foreldraorlof er unnt að kæra til nefndarinnar ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna. Einnig eru kæránlegar ákvarðanir Tryggingastofnunar ríkisins um réttindi foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna sem teknar eru á grundvelli laga nr. 22/2006 um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, svo og ákvarðanir teknar á grundvelli laga nr. 77/2022 um sorgarleyfi.




Lög nr. 144/2020 um fæðingar- og foreldraorlof



f) Greiðsluaðlögun

Samkvæmt lögum nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga eru tilteknar ákvarðanir umboðsmanns skuldara og umsjónarmanna með greiðsluaðlögunarumleitunum kæranlegar til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Lög nr. 101/2010 um
greiðsluaðlögun einstaklinga




Málsmeðferðartími

Eitt meginmarkmiða úrskurðarnefndar velferðarmála er að afgreiða kærur innan þeirra tímamarka sem fram koma í lögum nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála. Í 3. mgr. 7. gr. segir að nefndin skuli kveða upp úrskurð svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan þriggja mánaða eftir að henni berst mál nema sérstakar ástæður hamli. Málsmeðferðartími telst frá þeim tíma er kæra berst nefndinni og þar til úrskurður er kveðinn upp. Málsmeðferðartími allra þeirra mála sem afgreidd voru árið 2023 var að meðaltali 2,6 mánuðir. Árið 2022 var meðaltalið 3,2 mánuðir. Árið 2021 var meðaltalið 4,1 mánuðir, árið 2020 var meðaltalið 4 mánuðir, árið 2019 var meðaltalið 3,46 mánuðir, árið 2018 var meðaltalið 3,35 mánuðir, árið 2017 var meðaltalið 5,24 mánuðir og árið 2016 var meðaltalið 6,87 mánuðir.

Málsmeðferðartími einstakra málaflokka var eftirfarandi að meðaltali:

Málsmeðferðartími 2016-2023 í mánuðum



Ýmsar upplýsingar

a) Fjármál

Í lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál er lögð sérstök áhersla á hugsun til lengri tíma, stöðugleika í fjármálum og betri reikningsskil. Þegar fjármál hins opinbera eru annars vegar er markmiðið ávallt að sérhver stofnun sé með gegnsætt bókhald og haldi sig innan þeirra fjárheimilda sem heimilaðar eru í upphafi.

Fjárveitingar til úrskurðarnefndar velferðarmála vegna ársins 2023 voru 218.400.000 krónur. Sértekjur og aðrar tekjur nefndarinnar voru alls 15.525.163 krónur. Alls voru því til ráðstöfunar á árinu 233.925.163 krónur. Rekstrarkostnaður úrskurðarnefndarinnar vegna ársins 2023 nam 229.803.350 krónum. Rekstrarafkoma var því 4.121.813 krónur.

b) Umboðsmaður Alþingis

Á árinu 2023 bárust 20 erindi frá umboðsmanni Alþingis vegna kvartana frá kærendum eftir að úrskurðarnefnd velferðarmála hafði úrskurðað í umræddum málum.

Meirihluti málanna vörðuðu almannatryggingar eða samtals fjórtán mál, þrjú mál atvinnuleysistryggingar, tvö mál félagsþjónustu og húsnæðismál og eitt mál barnavernd. Sex málum lauk á árinu 2023, án aðgerða. Í lok árs 2023 var fjórtán málum því ólokið.

Á árinu 2023 veitti umboðsmaður Alþingis álit í átta málum sem bárust árið 2022. Fjögur mál vörðuðu almannatrygginga, einu lauk án aðgerða, tveimur lauk með ábendingu og úrskurðarnefndin tók eitt mál upp aftur. Þrjú mál vörðuðu félagsþjónustu og húsnæðismál, einu máli lauk án aðgerða og tveimur málum lauk með ábendingu. Eitt mál varðaði atvinnuleysistryggingar og lauk því án aðgerða.

Mál sem bárust árið 2023

Almannatryggingar	14
Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir3
Barnavernd1
Félagsþjónusta og húsnæðismál2
Fæðingar- og foreldraorlof0
Greiðsluaðlögun0
Samtals20

Afgreiðsla mála árið 2023

Málum lokið án aðgerða6
----------------------------------	----

Mál sem bárust árið 2022 en voru afgreidd árið 2023

Almannatryggingar4
Atvinnuleysis og vinnumarkaðsaðgerðir1
Félagsþjónustu og húsnæðismál3
Samtals	8


Mál sem bárust árið 2022 en voru afgreidd árið 2023

Málum lokið án aðgerða3
Málum lokið með ábendingu4
Úrskurðarnefndin tók málið upp aftur1
Samtals	8

c) Ýmsar tölfræðilegar upplýsingar

1. Afgreiðsla heildarfjölda mála*


Úrskurðarnefnd velferðarmála afgreiddi samtals 557 mál á árinu 2023 með eftirfarandi hætti. Þar undir eru mál sem bárust árið 2023 svo og mál sem borist höfðu fyrir þann tíma en voru ekki afgreidd fyrr en á árinu 2023.



* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til. Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnvalds.


2. Niðurstaða úrskurða eftir stjórnvöldum

Eftirfarandi kökurit sýna niðurstöðu úrskurða árið 2023 eftir stjórnvaldi þegar úrskurðarnefndin hefur tekið afstöðu til ágreinings:




* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til. Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfalli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnsýslulaga.

Umdæmisráð barnaverndar




■ Staðfest ■ Felld úr gildi

Fæðingarorlofssjóður




■ Staðfest ■ Felld úr gildi

Húsnæðis- og
mannvirkjastofnun



100%
■ Staðfest

Vinnumálastofnun



■ Staðfest ■ Felld úr gildi


Umboðsmaður skuldara



100%

■ Staðfest


Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu



100%


■ Felld úr gildi

Reykjavíkurborg



■ Staðfest ■ Felld úr gildi ■ Annað

Önnur sveitarfélög



■ Staðfest ■ Felld úr gildi ■ Annað

* Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfelli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnssýslulaga.

